

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**765. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn þriðjudaginn 16. október 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### **Dagskrá:**

1. Fundarboð Veiðifélags Miðfirðinga.
2. Upplýsingar frá aðalfundi Félags stofnfjáreigenda í fyrrum Sparisjóði Húnaþings og Stranda.
3. Erindi Vegagerðarinnar.
4. Skoðun Landgræðslu ríkisins á gróðurfari og beitarástandi Víðidalstunguheiðar.
5. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi.
6. Erindi Landssambands hestamannafélaga.
7. Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.
8. Fyrirkomulag rjúpnaveiða í Húnaþingi vestra haustið 2012.
9. Bréf Skipulagsstofnunar.
10. Yfirlit um nýtingu tjaldsvæðisins á Borðeyri sumarið 2012.

### **Afgreiðslur:**

1. Fram lagt fundarboð félagsfundar í Veiðifélagi Miðfirðinga. Fundurinn verður haldinn í Laxahvammí 20. október nk. kl. 13:00. Samþykkt að Stefán Böðvarsson verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum.
2. Til kynningar lagðar fram upplýsingar og fundargerð aðalfundar Félags stofnfjáreigenda í fyrrum Sparisjóði Húnaþings og Stranda sem haldinn var að Staðarflöt í Hrútafirði þann 20. september sl.
3. Fram lagt erindi Vegagerðarinnar þar sem óskað er framkvæmdaleyfis við efnisnámu í landi Bjarghúsa í Vesturhópi, sbr. meðfylgjandi gögn. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisráði.
4. Úttektarskýrsla Landgræðslu ríkisins á gróðurfari og beitarástandi Víðidalstunguheiðar dags. 31. ágúst sl. lögð fram til kynningar.
5. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi lagt fram en þar er óskað umsagnar sveitarstjórnar vegna umsóknar Ómars Jóhannssonar f.h. N1 kt. 540206-2010 til að reka veitingastað í flokki II í Staðarskála í Hrútafirði. Byggðarráð felur sveitarstjóra afgreiðslu erindisins í samráði við byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.
6. Erindi Landssambands hestamannafélaga lagt fram. Í erindinu er m.a. greint frá uppbyggingu samræmdrar rafrænnar upplýsingaveitu um reiðleiðir á Íslandi. Óskað er fjárframlags frá sveitarfélaginu kr. 100.000 á ári næstu 4 ár. Samþykkt að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2013.
7. Fram lagt bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 8. október sl. þar sem óskað er eftir að nefndinni verði send þriggja ára áætlun Húnaþings vestra til skoðunar í kjölfar viðauka sem sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 6. september sl. Byggðarráð felur sveitarstjóra að senda umbeðin gögn til nefndarinnar.
8. Lögð fram drög að reglum um rjúpnaveiði haustið 2012. Reglurnar samþykktar samhljóða og gjald fyrir hvert leyfi verði kr. 9.000-. Sveitarstjóra falið að auglýsa samþykktar reglur.
9. Fram lagt bréf Skipulagsstofnunar þar sem fjallað er um skipan skipulagsfulltrúa hjá sveitarfélögum. Bréfinu vísað til umfjöllunar skipulags- og umhverfisráðs.

10. Til kynningar lagt fram yfirlit um nýtingu tjaldsvæðisins á Borðeyri sumarið 2012. Gestafjöldi var alls 311. Ferðaþjónustan í Tangahúsi á Borðeyri var umsjónaraðili svæðisins sl. sumar og færir byggðarráð rekstraraðilum þess þakkir fyrir samstarfið.

Fundargerð upplesin

Fundi slitið kl: 15:28

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Ragnar Smári Helgason.

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheymarfulltrúar:

---

Pétur Arnarsson.

---

Sigurður Kjartansson.